



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
í veislu til heiðurs  
Haraldi V. Noregskonungi og Sonju drottningu  
Bessastöðum  
28. júlí 2000**

Yðar Hátign Haraldur konungur  
Yðar Hátign Sonja drottning  
Heiðruðu gestir

Það er mikil gleði að fagna hér í kvöld komu Hans Hátignar Haraldar Noregskonungs og Sonju Drottningar til Íslands og þátttöku Yðar í hátíðarhöldum í Reykholti og Vestmannaeyjum, hátíðarhöldum sem eru helguð sameiginlegri sögu og vináttu Íslands og Noregs.

Böndin sem tengja lönd okkar saman eru ekki aðeins einstök í sögu Norðurlanda og Evrópu, heldur jafnvel líka í sögu heimsins alls.

Það voru norskir kappar og vaskar konur sem námu land á Íslandi og kristniboðið var stutt með ráðum og dáð af konungi Noregs. Síðan komu íslenskir sagnaritarar með Snorra Sturluson fremstan í flokki og skráðu á skinn ódauðlegar sögur um þessa glæsilegu tíma og bættu um betur með hinu merka verki Snorra um konunga Noregs og heimsins kringlu.

Það er mér mikil ánægja að Yðar Hátignir skulu hafa þegið boð mitt um að vera með okkur Íslendingum þegar Snorra verður minnst í Reykholti með opnun lærdómsseturs og í Vestmannaeyjum þegar heiðraður verður merkur atburður í kirkjusögu Íslands.

Ég vona að dvölin verði Yður til mikillar ánægju og okkur veitist tækifæri til að sýna Yður einnig fleiri hliðar á íslensku þjóðlífi, menningu og náttúru.

Við Íslendingar metum mikils þá ræktarsemi sem norska konungsfjölskyldan hefur jafnan sýnt landi okkar og þjóð og þá hollustu við sameiginlega sögu okkar og menningu sem þér og faðir Yðar Ólafur konungur hafið jafnan sýnt í heimsóknum Yðar til Íslands. Við vitum að líkt og á fornum tímum eigum við góða vini í höll konungs.

Það er einnig von mín að viðburðir næstu daga verði til að sýna enn á ný hve traust og einstakt samband Íslands og Noregs hefur verið og verður áfram á nýrri öld. Þátttaka Yðar Hátigna í hátíðarhöldunum gefur þeim sérstakt gildi og enn gleðilegri blæ. Fyrir það viljum við þakka hér í kvöld.

Ég bið góða gesti að rísa á fætur og lyfta glösum til heiðurs Hans Hátign Haralds konungi og Sonju drottningu um leið og við fögnum einlægri vináttu Íslands og Noregs og hyllum sameiginlega sögu landa okkar.